

Nd.

625. Nefndarálit

[2. mál]

um frv. til l. um prentrétt.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þessu er ætlað að koma í stað laga, sem nú gilda um prentfrelsi hér á landi og eru að ýmsu leyti úrelt. Er því tímabært, að ný lög verði sett um þetta efni í samræmi við breyttar aðstæður.

Lög um prentrétt eru sett til að tryggja það, að prentfrelsið sé ekki misnotað í skjóli þeirra réttinda, sem veitt eru með 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Nefndin telur frv. þetta taka mjög fram eldri lögum um sama efni og vill því leggja til, að það verði samþykkt. Hins vegar er nefndin þeirrar skoðunar, að nokkuð skorti á, að frv. nái þeim tilgangi að hindra misnotkun prentfrelsisins. Vill hún sérstaklega benda á, að mikil misnotkun á sér stað í hagnaðarskyni með útgáfu rita um glæpi, hroðasögur og lostugar frásagnir og sölu erlendra rita um sama efni, sem hafa mjög spillandi áhrif á börn og unglinga. Verður því að telja útgáfu þessara rita svo siðspillandi, að æskilegt sé frá sjónarmiði alþjóðar, að hindruð væri útgáfa þeirra og sala til almennings. Vafasamt er, hvort frv., ef að lögum verður, hindrar það, að hægt sé að gefa út slík þjóðskaðleg sorprit, þótt útgáfa þeirra og sala sé frekleg misnotkun á prentfrelsinu og skákað sé í því skjóli, að frekar verði sætt sig við, að ýmsir menn geri sér slíka skemmdarstarfsemi að atvinnu, en að hætta á, að prentfrelsið samkvæmt stjórnarskránni sé skert.

Þótt frumvarpinu sé ábótavant í þessu efni, leggur nefndin ekki til, að breytingar verði á því gerðar, í því trausti, að dómsmálaráðherra komi á framfæri slíkum breytingum síðar, þegar málið hefur verið nægilega athugað.

GJóh áskilur sér rétt til að fylgja breytingartill., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 27. marz 1956.

Björn Ólafsson,  
form., frsm.

Ásgeir Bjarnason,  
fundaskr.

Jörundur Brynjólfsson.

Gunnar Jóhannsson.

Einar Ingimundarson.